

Heil og sæl.

Landsnet vinnur að undirbúningi mats á umhverfisáhrifum Holtvörðuheiðarlínu 3 (HH3) frá Holtavörðuheði að Blönduvirkjun.

Lagning Holtavörðuheiðarlínu 3 er mikilvægur hlekkur í endurnýjun á núverandi byggðalínu og verður línán, 220 kV raflína, hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Meginmarkmið með byggingu hennar er að auka afhendingaröryggi og afhendingargetu á landinu og tryggja að flutningskerfið standi ekki í vegi fyrir orkuskiptum, atvinnuuppbyggingu og eðlilegri þróun byggða á landinu.

Undirbúningur verkefnisins hófst með opnum kynningarfundi 22.11.2022. Síðan þá hefur Landsnet haldið valkostagreiningar með hagaðilum, kynnt niðurstöður valkostagreiningar og birt matsáætlun verkefnis. Eins og mörgum er kunnugt þá var matsáætlun í kynningu hjá Skipulagsstofnun í sumar þar sem gefinn var kostur á að senda inn athugasemdir. Landsnet hefur brugðist við athugasemdunum og veitti Skipulagsstofnun álit um matsáætlunina þann 5.10.2023.

Hér er finna öll gögn matsáætlunar:

<https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/matsaaetlanir-111/nr/1315#alma>

Einnig er hér ný og uppfærð kortasjá verkefnis: <https://map.is/hh3/>

Landsnet vill því bjóða ykkur á opið hús, þar sem hægt er að ræða athugasemdir sem bárust við matsáætlunina, viðbrögð Landsnets við þeim, álit Skipulagsstofnunar og annað sem að snýr að verkefninu.

Opin hús verða í næstu viku á eftirfarandi staðsetningum:

- 15. nóvember kl. 19:30-21 á Krúttinu á Blönduósi
- 16. nóvember kl. 19:30-21 á Hótel Laugarbakka

Ávallt er hægt að hafa samband við undirritaða ef upplýsinga um verkefnið er óskað.

Landsnet vonast eftir að sjá sem flesta á opna húsinu í næstu viku.